

Almennir skilmálar við verðskrá HS Veitna hf.

Nr. 8

1. júlí 2026





Efnisyfirlit

SKAMMSTAFANIR	2
SKILGREININGAR	2
1. GR. ALMENNT	3
2. GR. HITAVEITUGJÖLD	3
2.1 HITAORKUGJÖLD	3
2.2 FASTAGJALD	3
2.3 HEIMÆÐAGJÖLD	4
3. GR. RAFORKUDREIFING OG FLUTNINGUR	4
3.1 ALMENNT	4
3.2 AFL- OG ORKUNOTKUN	5
3.3 HÚSHITUN	5
3.4 ÓTRYGGÐ ORKA	5
3.5 HEIMTAUGAGJÖLD	5
4. GR. FERSKVATNSGJÖLD	7
4.1 VATNSGJALD	7
4.2 AUKAVATNSGJALD OG MÆLALEIGA	7
4.3 STOFNGJÖLD	7
4.4 VATNSFREK STARFSSEMI	8
5. GR. ÝMIS ÁKVÆÐI	8
5.1 SKAMMTÍMANOTKUN	8
5.2 ÞJÓNUSTUGJÖLD	8
5.3 INNHEIMTA-VANSKIL	8
5.4 VIRÐISAUKASKATTUR	9
5.5 FJÖLDI INNTAKA Í HÚS	9
5.6 VERÐSKRÁRBREYTINGAR	9



SKAMMSTAFANIR

Tákn	Eining	Skýring
l/m	magn	lítrar á mínútu
m ³	magn	rúmmetrar [tonn] vatns
m ³	rúmmál	stærð húsa
VSK		virðisaukaskattur
grind		mæligrind í húsi
veita		mælir/hemill til sölumælingar
A	amper	straumur
kW	kílóvatt	afl
kWh	kílóvattstund	orka
kW/ár	kílóvattár	orka
kr/l/m	verð	krónur á hverja einingu
kr/m ³	verð	krónur á hverja einingu
kr/kWh	verð	krónur á hverja einingu
kr/kW/ár	verð	krónur á hverja einingu
kr/skipti	verð	krónur á hverja aðgerð
kr/mán	verð	krónur á tímabil
kr/ár	verð	krónur á tímabil

SKILGREININGAR

Notandi:	Viðskiptamaður, sem kaupir vatns- eða raforku.
Orkukaupandi:	Viðskiptamaður, sem kaupir vatns- eða raforku.
Orka:	Raforka, heitt vatn og ferskt neysluvatn.
Veita:	Hita-, ferskvatns- eða rafkerfi tengt einum mæli eða hemli.
Ársnotkun:	Fjöldi kWh , m ³ eða l/m sem notað er á einu ári [365 dögum].
Afltoppur:	Mesta mælda afl [kW] á ákveðnu tímabili.



1. GR. ALMENNT

Skilmálar þessir gilda fyrir dreifiveitusvæði HS Veitna.

Skilmálarnir taka til afhendingar og sölu á heitu vatni, fersku vatni og dreifingu á rafmagni. Heimilt er skv. samþykkt stjórnar að dreifa rafmagni á háspennu samkvæmt sérstökum samningi.

Verðskráin skiptist í tvo hluta:

Almennir skilmálar fjalla um dreifingu á veitusvæði HS. Í þessum hluta er einnig skilgreining á hitaorkugjöldum, ferskvatnsgjöldum, heimæðagjöldum, hemlaleigu, mælaleigu, raforkudreifingu, álestrargjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

Sér verðkrár sýna gildandi verð fyrir heitt vatn, ferskvatn og raforkudreifingu svo og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. GR. HITAVEITUGJÖLD

2.1 HITAORKUGJÖLD

Almennir taxtar skiptast í tvo þætti, fastagjald og orkugjald.

- Fast gjald [kr/ár] felur í sér kostnað sem er óháður orkunotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælinga á orku.
- Orkugjaldið [kr/m³ eða kr/kWh] greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu eða magn og er í beinu hlutfalli við notkun.
- HS Veitur selja heit vatn úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í verðskrá.
- HS Veitur láta hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til fullrar hitunar.
- Vatnsrennsli að húsum verður mælt með þar til gerðum magnmælum eða af sérstökum ástæðum, að mati HS Veitna hf, takmarkað með magnhemli.
- Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt mældri notkun á hverjum tíma eða magnhemli fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Ef mælir/ hemill bilar eða notkun hefst áður en mælir eða hemill hefur verið settur upp, áætlað veitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins
- Mælingum er að jafnaði safnað daglega og notkun gerð upp í lok hvers mánaðar sé því við komið. Að öðrum kosti er lesið á mæli einu sinni á ári og áætluð mánaðarnotkun miðuð við síðasta álestur.

2.2 FASTAGJALD

Fastagjald fer eftir stærð mælis/hemils og skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og er fyrir hverja veitu.



2.3 HEIMÆÐAGJÖLD

Heimæðargjald hitaveitu skal vera fyrir hverja heimæð og er miðað við rúmmál húss utanmál [m³].

Heimæðargjald fer eftir sverleika heimæðar

DN 20 mm heimæð

DN 25 mm heimæð

DN 32 mm heimæð

DN 40 mm heimæð

DN 50 mm heimæð

Stærð heimæðar fyrir almenna upphitun tekur mið af rúmmáli húsnæðis en stærð heimæðar fyrir aðra notkun ákvarðast af tilgreindri vatnspörf í umsókn að höfðu samráði við HS Veitur.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum/hemlum frá HS Veitum og skal þá greiða aukagjald fyrir hvern mæli/hemil umfram þann fyrsta.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimæð sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun HS Veitna.

Sé búið er að ganga varanlega frá yfirborði og fullnægjandi veitulagnir ekki komnar að lóðarmörkum eiganda húsveitu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun HS Veitna sem nemur kostnaði við yfirborðsfrágang.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft.

3. GR. RAFORKUDREIFING OG FLUTNINGUR

3.1 ALMENNT

Almennir taxtar skiptast í tvo þætti, fastagjald og orkugjöld.

- Fastagjald [kr/ár] felur í sér kostnað sem er óháður orkunotkun, m.a. vegna afnota af dreifikerfi, álestra, útgáfu reikninga og mælinga á orku.
- Orkugjaldið [kr/kWh] greiðist fyrir hverja melda orkueiningu eða magn og er í beinu hlutfalli við orkunotkun. Orkugjaldið er innheimt í tveimur liðum, annarsvegar vegna dreifingar og hinsvegar vegna flutnings orkunnar.

Hjá notendum á almennum taxta er mælingum að jafnaði safnað daglega og notkun gerð upp í lok hvers mánaðar sé því komið við að öðrum kosti er lesið á mæli einu sinni á ári og áætluð mánaðarnotkun miðuð við síðasta álestur. Hjá stærri notendum með 80A eða stærri tengingu er notkun gerð upp mánaðarlega út frá tímaröð.

Almenn notkun.

A taxtar í dreifingu gilda fyrir alla almenna notkun sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir.



3.2 AFL- OG ORKUNOTKUN

Afltaxtar taxtar skiptast í þrjá þætti, aflagjöld, orkugjöld og fastagjöld

- B taxtar gilda fyrir rafmagn til stærri notenda að lágmarki 25 kW.

Aflgjaldið greiðist samkvæmt mælingu miðað við 60 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 25 kW. Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,90. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig námundað við heila tölu sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,90.

Ársuppgjör afltoppa er miðað við meðaltal fjögurra hæstu toppa ársins. Ef um er að ræða uppgjör fyrir hluta úr ári skal miða við hæsta topp á þrem mánuðum, meðaltal tveggja hæstu á sex mánuðum og meðaltal þriggja hæstu ef um er að ræða níu mánuði.

3.3 HÚSHITUN

- H taxtar gilda fyrir alla húshitun.
- H taxtar bera aðeins orkugjald.

3.4 ÓTRYGGÐ ORKA

- Ó taxtar gilda fyrir ótryggða orkunotkun.
- Ó taxtar bera fastagjald og orkugjald.
- Ótryggð orka er til sérgreindrar notkunar samkvæmt sérstökum samningi um orkukaup og flutning.
- Það er skilyrði fyrir því að fá afhenta ótrygga orku samkvæmt dreifiverðkrá að afhendingin sé hagkvæm fyrir rekstur dreifikerfisins að mati HS Veitna.

3.5 HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi HS Veitna.

Þegar tengingu heimtaugar er lokið er heimtaugargjaldið gjaldkræft.

Heimtaugar greinast í aðal-, sumarhúsa- smá- og bráðabirgðaheimtaugar.

Aðalheimtaugar

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru mismunandi eftir stærð þeirra og gerð og gildir þá eftirfarandi viðmiðun.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

50 A	3ja – fasa
63 A	3ja – fasa
100 A	3ja – fasa
200 A	3ja – fasa
315 A	3ja – fasa
400 A	3ja – fasa
500 A	3ja – fasa
630 A	3ja – fasa
900 A	3ja – fasa



Fari stærð heimtaugar yfir 900A gera HS Veitur hf. skriflegt tilboð

Heimtaugargjöld fyrir sumarhús í skipulögðu sumarhúsahverfi er með lágmarksgjald sem skráð er á hverjum tíma í verðskrá. Heimtaugin er 50 A 3 - fasa

Fyrir einstök sumarhús er heimtaugargjaldið ávallt samkvæmt kostnaði, þó aldrei lægra en lágmarksgjald.

Í þessum skilmálum teljast til þéttbýlis þeir staðir sem skilgreindir eru sem þéttbýli á grundvelli reglugerðar um framkvæmd raforkulaga. Í þessum skilmálum teljast til byggðakjarna skipulögð hverfi með samfelldri byggð og frágengnu gatnakerfi þar sem fjarlægð milli húsa fer ekki að hámarki yfir 100 metra og íbúatalan er yfir 50 miðað við skrá Hagstofu Íslands um síðastliðin áramót.

Smáheimtaugar

Smáheimtaugar fyrir magnara í fjarskiptakerfum eru 16 A

Bráðabirgðaheimtaugar

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 24 mánaða frá tengingu þeirra. HS Veitur áskilja sér rétt til að aftengja þær að þeim tíma liðnum.

63 A	3ja – fasa
100 A	3ja – fasa
200 A	3ja – fasa
315 A	3ja – fasa

Bráðabirgðaheimtaugar eru eingöngu afgreiddar í þéttbýli.

Ýmis sameiginleg ákvæði

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð, að aðaltöflu/mælakassa í húsveitu. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 10 metra innan lóðarmarka í heimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi verðskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun HS Veitna.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina veitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði verður heimtaug aftengd. Falli notkun um heimtaug niður í 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald samkvæmt verðskrá hefst notkun að nýju.



4. GR. FERSKVATNSGJÖLD.

4.1 VATNSGJALD

Fyrir hverja húseign á veitusvæði HS Veitna skal árlega greiða vatnsgjald. Gjald þetta er ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

Vatnsgjald til heimila og fyrirtækja er ýmist miðað við ákveðna upphæð á m² eða % af fasteignamati ásamt fastagjaldi fyrir hverja matseiningu.

4.2 AUKAVATNSGJALD OG MÆLALEIGA

HS Veitur leggja til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) í Vestmannaeyjum og til stærri notenda á öllu dreifisvæðinu og skal notandi greiða fyrir hvern rúmmetra vatns.

Fastagjald ræðst af stærð mæla.

Aukavatnsgjald og fastagjald er innheimt mánaðarlega.

4.3 STOFNGJÖLD

HS Veitur sjá um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað.

Fyrir öll hús sem tengd eru vatnsveitunni skal greiða heimæðagjöld. Heimæðagjöld skulu vera skv. eftirfarandi viðmiðun:

Heimæðagjöld:

Heimæð	32 mm
Heimæð	40 mm
Heimæð	50 mm
Heimæð	63 mm
Heimæð	75 mm
Heimæð	90 mm
Heimæð	110 mm

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimæðar er að ræða skal húseigandi greiða það sem talist getur umfram eðlilegan kostnað.



4.4 VATNSFREK STARFSSEMI

Stjórn HS Veitna getur ákveðið sérstaka verðskrá fyrir vatnsfreka starfsemi.

5. GR. ÝMIS ÁKVÆÐI

5.1 SKAMMTÍMANOTKUN

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo og landtengingu skipa, skal greiða sérstakt gjald.

5.2 ÞJÓNUSTUGJÖLD

- Seðilgjald leggst á alla útsenda greiðsluseðla.
- Auka álestur. Sérstakt gjald er heimilt að leggja á þegar viðskiptavinur óskar auka álestrar af mæli.
- Notendaskipti. Sérstakt gjald má innheimta fyrir notendaskipti.
- Vanskilatilkynningar, áminningarbréf og lokunartilkynningar bera sérstakt gjald.
- Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug eða heimæð sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun HS Veitna.

5.3 INNHEIMTA-VANSKIL

- Hjá notendum á almennum taxta er mælingum að jafnaði safnað daglega og notkun gerð upp í lok hvers mánaðar sé því komið við að öðrum kosti er lesið á mæli einu sinni á ári og áætluð mánaðarnotkun miðuð við síðasta álestur. Hjá stærri notendum er notkun gerð upp mánaðarlega út frá tímaröð.
- Öll gjöld samkvæmt verðskrá má taka lögtaki á kostnað húseiganda.
- Öll gjöld samkvæmt verðskrá má krefja mánaðarlega.
- Gjaldþagi orkureiknings er við framvísun hans eða tilkynningar um reikningsupphæð. Reikning ber gjaldanda að greiða þar sem HS Veitur ákveða. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjaldþaga.
- Sé heimild notuð til að stöðva orkuafhendingu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt verðskrá, skal hann greiða gjald fyrir að afhending hefjist að nýju.
- Ákvörðun um að stöðva orkuafhendingu ber að tilkynna með minnst 30 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur hverju sinni.
- Eftirlitsmanni HS Veitna skal hvenær sem er vera frjálfs aðgangur að öllum mælitækjum og búnaði sem tengir húsveituna við dreifikerfi HS Veitna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun raf- og vatnsorku.
- Tengigjöld skal greiða fyrir eindaga annars reiknast dráttarvextir frá gjaldþaga.
- Tengigjöld skv. ákvæðum verðskrár skal greiða í einu lagi áður en tenging við dreifikerfi veitunnar er framkvæmd.



5.4 VIRÐISAUKASKATTUR

- Virðisaukaskattur, 24,0%, bætist við öll raforkugjöld samkvæmt verðskrá, nema á húshitun þar sem virðisaukaskatturinn er 11,0%.
- Virðisaukaskattur, 11,0%, bætist við öll hitaveitugjöld samkvæmt verðskrá, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,0%.
- Sala á fersku neysluvatni ber ekki virðisaukaskatt.
- Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sér verðskrá.

5.5 FJÖLDI INNTAKA Í HÚS

Sérstök inntök eru í hvert hús eða íbúð sem hefur sér númer við götu og sér inngang. Á hverja lóð er almennt aðeins afgreidd ein heimtaug. Í raðhús, parhús og hliðstæð hús er þó almennt afgreidd ein heimtaug í hvert hús, þ.e. í hverja einingu. Heimilt er að hafa eitt inntak, það er eina heimæð eða heimtaug í hvern stigagang í fjölbýlishúsi.

5.6 VERÐSKRÁRBREYTINGAR

Heimilt er að breyta verðskrá til samræmis við lög og verðbreytingar, enda miðist verðskráin ætíð við að tekjur HS Veitna standi undir rekstri, framkvæmdum, aukningu veitukerfis og arði.

5.7 SKERÐINGARHEIMILDIR HITAVEITNA

Á veitusvæði HS Veitna tilgreinir félagið sérstaka iðnaðartaxta sem eru ætlaðir starfsemi þar sem verulegur hluti framleiðslukostnaðar liggur í orkunotkun á heitu vatni. Einnig er skilgreindur sérstakur taxti fyrir almenningssundlaugar þar sem verulegur hluti orkunotkunar fer til upphitunar almenningssundlauga.

Þessum notendum veitir félagið aflslátt samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni. Jafnframt áskilur félagið sér rétt til þess að skerða afhendingu til þessara notenda fyrirvaralaust þegar nauðsyn krefur. Þegar skerðing verður vegna skipulegs viðhalds skal þó miða við að viðskiptavinum hafi borist tilkynning með amk þriggja sólarhringa fyrirvara.

Skilmáli þessi, sem saminn er og samþykktur af stjórn HS Veitna hf., staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felldur eldri skilmáli sama efnis með síðari breytingum.